



ÁRSSKÝRSLA 2024

LISTASAFN ÍSAFJARÐAR




SAFNAHÚSIÐ ÍSAFIRÐI



EFNISYFIRLIT

LISTASAFN ÍSAFJARÐAR

UM LISTASAFN ÍSAFJARÐAR	3
STARFSEMI ÁRIÐ 2024	7
STARFSMENN	7
SÝNINGAR	7
SAFNEIGN	11
STARFSAÐSTAÐA	13
FRÆÐSLU- OG SAFNASTARF	13
MIÐLUN	16
NÁMSKEIÐ OG KYNNISFERÐIR	16
ÝMIS VERKEFNI	18
AÐFÖNG OG GJAFIR	21
STYRKIR	23



*Listasafn Ísafjarðar er stofnað samkvæmt skipulagsskrá 12. febrúar 1963.
Listasafnið hefur aðsetur í Safnahúsinu á Eyrartúni, Ísafirði.*



BIRTING var fyrsta sýning ársins 2024. Sýnd voru verk úr safneign Listasafns Ísafjarðar.

UM LISTASAFN ÍSAFJARÐAR

Með erfðaskrá dags. 13. ágúst 1958, ákvað Elín Sigríður Halldórsdóttir, Fjarðarstræti 11 á Ísafirði, að af eftirlátnum eignum hennar skyldi stofna sjóð sem bæri nafnið *Minningarsjóður Jóns Þorkels Ólafssonar, trésmíðameistara og Rögnvalds Ólafssonar, húsameistara*. Skyldi markmið sjóðsins vera að efla menningarmál í Ísafjarðarkaupstað, svo sem kirkjumál og það sem lyti að listrænni fegrun Ísafjarðarkaupstaðar. Stjórn sjóðsins skyldi skipuð bæjarfógeta, sóknarpresti, bæjarstjóra og Guðmundi G. Kristjánssyni, skrifstofustjóra. Bæjarfógeti skyldi vera reikningshaldari sjóðsins. Elín Sigríður lést 15. febrúar 1962 og kom stjórn sjóðsins saman 12. febrúar 1963 og setti honum skipulagsskrá, sem síðar var staðfest af forseta Íslands.


Í skránni var kveðið á um að höfuðverkefni sjóðsins yrði að koma á fót Listasafni Ísafjarðar með kaupum á listaverkum, málverkum og höggmyndum, samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnarinnar. Stjórnin samþykkti á stofnfundinum að fara þess á leit við bæjarstjórn að listasafnið fengi til afnota hluta af þakhæð sundhallarbyggingarinnar við Austurveg á Ísafirði. Byggðasafn Vestfjarða var þar fyrir í hluta rýmisins. Á stofndegi Listasafns Ísafjarðar ákvað stjórn Byggðasafns Vestfjarða að gefa safninu fyrsta verkið, málverk af Skutulsfirði




Hjónin Elín Sigríður Halldórsdóttir (1881–1962) og Jón Þorkell Ólafsson (1879–1953), trésmíðameistari á Ísafirði.



Rögnvaldur Ólafsson (1874–1917), fyrsti íslenski arkitektinn.



Sundhöllin við Austurveg á Ísafirði. Var þar ekki einvörðungu musteri íþróttaiðkunar því að á efri hæðum hússins voru menningarstofnanir bæjarins hýstar, þ.e. Bókasafn Ísafjarðar, Byggðasafn Vestfjarða, Héraðsskjalasafnið og Listasafn Ísafjarðar.




Jóhann Hinriksson, forstöðumaður Bókasafns Ísafjarðar frá 1974 til 2010.

eftir ísfirski listamanninn Kristján Helga Magnússon. Fyrstu verkin sem stjórn safnsins keypti voru tvö olíumálverk, önnur lítil mynd af sjávarhömrum eftir Þórarinn B. Þorláksson og hitt mynd frá Þingvöllum eftir Jóhannes Kjarval, keyptar á uppboði 4. nóvember 1965. Fyrsta sýningin sem haldin var á vegum safnsins var á aldarafmæli Ísafjarðarkaupstaðar sumarið 1966.

Starfsemi listasafnsins með minnsta móti árin eftir aldarafmælið en stjórnin bætti þó jafnt og þétt við safnkostinn með kaupum á verkum. Árið 1967 taldi safnkosturinn 32 verk eftir ýmsa þekktustu listamenn þjóðarinnar auk nokkurra ísfirskra listamanna. Var safnkosturinn kominn í 50 verk árið 1971 og höfðu safninu borist veglegar gjafir á þessu tímabili þar sem hæst bar gjöf hjónanna Herdísar Þorvaldssdóttur og Gunnlaugs Þórðarsonar sem gáfu safninu fimm málverk eftir þjóðkunna listamenn. Þau höfðu líka, ásamt Ásmundi Sveinssyni myndhöggvara, fært safninu að gjöf frummynd af höggmynd Ásmundar, *Eva yfirgefur Paradís*. Þá hafði Bjarnveig Bjarnadóttir gefið safninu þrjár myndir eftir bræðurnar Ásgrím og Jón Jónsson.

Árið 1974 var Jóhann Hinriksson ráðinn forstöðumaður Bókasafns Ísafjarðar, sem þá var staðsett á annarri hæð sundhallarinnar við Austurveg. Safneign Listasafns Ísafjarðar var geymd uppi á lofti á þriðju hæð og tók Jóhann að sér að gera skrá yfir safnkostinn. Undir hans forystu stóð bókasafnið fyrir fjölbreyttum myndlistarsýningum þar sem sýnendur voru oft ungir listamenn auk þess sem efnt var til sýninga á verkum í eigu Listasafns Íslands og Listasafni ASÍ.

Árið 1984 var í fyrsta sinn ráðinn starfsmaður við Listasafn Ísafjarðar. Jón Sigurpálsson tók þá við starfi safnvarðar hjá bæði Byggðasafni Vestfjarða og Listasafni Ísafjarðar þar sem hann skyldi hafa umsjón með safnkosti, veita ráðgjöf við kaup á nýjum listaverkum og setja upp sýningar á vegum safnsins.



Í júní 1994 færði Magnús Kristjánsson Listasafni Ísafjarðar tvö málverk að gjöf eftir föður hans, Kristján H. Magnússon. Á myndinni má sjá Jón Sigurpálsson, forstöðumann listasafnsins, taka við málverkunum sem eru af Kristjáni og eiginkonu hans, Klöru Helgadóttur, máluð 1928 og 1929.

Fyrsta sýningin sem Jón Sigurpálsson stóð fyrir sem forstöðumaður Listasafns Ísafjarðar var haldin á Hótel Ísafrði árið 1985 þar sem sýnd voru verk eftir ísfirka listamanninn Jón Hróbjartsson. Það sama ár keypti Jón skúlpúr af Ingólf Arnassyni listamanni og var það fyrsta nýlistarverkið sem safnið eignaðist. Árið 1986 voru settar upp tvær sýningar í tilefni af 200 ára afmæli Ísafjarðarkaupstaðar. Var um að ræða sýningar á verkum tveggja ísfirskra listamanna, þeirra Kristjáns Helga Magnússonar og Jón Hróbjartssonar. Hefur það síðan verið stefna listasafnsins að eignast verk eftir báða þessa listamenn.

Jón Sigurpálsson stóð fyrir sýningum úr safneign í hinum ýmsu söllum bæjarins. Markmiðið var að setja upp eina eða tvær sýningar á ári en sýningarhald var annmörkum háð þar sem hvorki fjármagni né sýningarými var til að dreifa.

Árið 1987 ákvað bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar að gamla sjúkrahúsið á Ísafrði yrði gert að safnahúsi þegar það lyki hlutverki sínu sem sjúkrahús. Skyldi það hýsa Bókasafn Ísafjarðar, Héraðsskjalasafnið og Listasafn Ísafjarðar. Markaði þessi ákvörðun tímamót í sögu Listasafnsins sem fram til þessa hafði ekki haft þak yfir höfuðið ef undan er skilin geymsluaðstaða í Sundhöllinni.

Safnahúsið var opnað formlega við hátíðlega athöfn þann 17. júní 2003. Í sýningarsal Listasafns Ísafjarðar á 2. hæð hússins var opnunarsýning á verkum Kristjáns H. Magnússonar og optiklistakonunnar Eyborgu Guðmundsdóttur. Bárust safninu ýmsar gjafir á þessum tímamótum.



Jón Sigurpálsson (1954–2023), myndlistarmaður og forstöðumaður Listasafns Ísafjarðar frá 1984 til 2010.



Listasafn Ísafjarðar hefur aðsetur í Safnahúsinu á Eyrartúni, gamla sjúkrahúsinu, sem þýkir með fállegri byggingum landsins. Það er teiknað af Guðjóni Samúelssyni, þáverandi húsameistara ríkisins, og vígt við hátíðlega athöfn 17. júní 1925. Húsið gegndi hlutverki sjúkrahúss til ársins 1989 þegar nýtt sjúkrahús var tekið í notkun. Hafði þá verið ákveðið að nýta húsið undir starfsemi bóka-skjala- og listasafns. Árið 2003 fluttu söfnin í húsið eftir gagnngerar viðgerðir og endurbætur.




Rannveig Jónsdóttir myndlistarkona og starfsmaður Listasafn Ísafjarðar frá 2022.



Árið 2010 voru gerðar breytingar á skipuriti menningarmála í sveitarfélaginu og í kjölfarið settur forstöðumaður sem var yfirmaður allra safnanna innan Safnahússins. Jón Sigurpálsson lét þá af störfum sem forstöðumaður listasafnsins og færðust verkefni þess í hendur Jónu Símoníu Bjarnadóttur, sem þá var forstöðumaður Safnahússins. Árið 2021 var ákveðið að auglýsa eftir sérfræðingi í 35% starfshlutfall hjá Listasafni Ísafjarðar. Í kjölfarið var Kristín Þóra Guðbjartsdóttir ráðin til safnsins en hún lét af starfi í árslok 2021 og var Rannveig Jónsdóttir þá ráðin til safnsins.

ENDURSKOÐUN Á FYRIRKOMULAGI SAFNSINS

Listasafn Ísafjarðar byggir enn á skipulagsskrá þeirri sem ákveðin var árið 1963 og síðar staðfest af forseta Íslands. Það fyrirkomulag er löngu úrelt enda áratugir frá því að sjóður safnsins tæmdist og



stjórn safnsins hefur sjálfkrafa færst frá bæjarfógeta, sóknarpresti, bæjarstjóra og skyldmennis yfir til sviðstjóra menningarmála innan sveitarfélagsins og bæjarstjórnar sem hefur endanlegt ákvörðunarvald hvað varðar málefni safnsins.

Árið 2024 samþykkti sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra að leggja niður Minningarsjóð Jóns Þorkels Ólafssonar og Rögnvalds Ólafssonar, þar sem safnið hafði verið alfarið rekið af sveitarfélaginu síðustu ár. Með því færðust allar eignir sjóðsins til sveitarfélagsins, listaverk og óverulegt fjármagn.

Safnið skal halda áfram að starfa í samræmi við stofnskrá í þágu almennings, og menningarleg markmið sjóðsins skulu áfram vera hluti af stefnu safnsins.

STARFSEMI ÁRIÐ 2024

STARFSMENN

Á árinu 2024 var einn starfsmaður við Listasafn Ísafjarðar, Rannveig Jónsdóttir, í 50% stöðugildi sérfræðings. Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, forstöðumaður Skjalasafnsins og Ljósmyndasafnsins, er jafnframt forstöðumaður Listasafns Ísafjarðar og sinnir þeim verkefnum listasafnsins sem undir hana falla.

SÝNINGAR

Alls voru **9** sýningar á vegum Listasafns Ísafjarðar árið 2024. Áætlaður fjöldi gesta er um **3600** manns.

Sýningarsalur:

1. **Birting** – 8 vikur (20.01 – 17.03)
2. **Haminn neisti** – 10 vikur (29.03 – 01.06)
3. **Framtíðarfortíð** – 17 vikur (17.06 – 19.10)
4. **Allt mögulegt** – 12 vikur (25.10 – 18.01. 2025)

BIRTING var heiti fyrstu sýningar safnsins árið 2024. Á sýningunni voru valin verk úr safneign, ólík að stíl og efni, en áttu það sameiginlegt að allir höfundarnir eru konur. Þetta eru þær Guðbjörg Lind, Karólína Lárusdóttir, Jean Larson, Nína Gautadóttir, Nína Tryggvadóttir, Ragnheiður Jónsdóttir og Sara J. Vilbergisdóttir.

Sýningin opnaði 20. janúar og stóð í 8 vikur.

HAMINN NEISTI var heiti sýningar Ragnhildar Láru Weissappel sem sýndi ný verk unnin úr sykursmolum og gífsi ásamt teikningum.



Listasafn Ísafjarðar
Isafjörður Art Museum

Framtíðarfortíð
FuturePast



**17.6.–
19.10.2024**

ALLT MÖGULEGT

Anything Possible




Sigurður Atli Sigurðsson
25.10. 2024 – 18.01. 2025



FRAMTÍÐARFORTÍÐ,
samstarfssýning Listasafns Íslands
og Listasfns Ísafjarðar 2024.





Ragnhildur Weissshappel (f. 1989) nam myndlist á Íslandi og Frakklandi. Hún vinnur í ýmsa miðla og notar þá sem tæki til að þýða úr einu í annað. Hún hefur tekið þátt í fjölda samsýninga innanlands og utan. Sýningin Haminn neisti var þriðja einkasýning hennar.

Forseti Íslands var viðstaddur opnunina 29. mars og stóð sýningin í 10 vikur.

FRAMTÍÐARFORTÍÐ var heiti samstarfssýningar Listasafns Íslands og Listasafns Ísafjarðar. Menningar- og viðskiptaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, opnaði sýninguna í Safnahúsinu á Ísafirði á þjóðhátíðardaginn. Sýningin var haldin til að fagna 80 ára lýðveldisafmæli þjóðarinnar og var sú fyrsta í röð sýninga sem marka samvinnu Listasafns Íslands og safna á landsbyggðinni. Valin voru verk úr safneign Listasafns Íslands eftir listamenn sem velta fyrir sér hugtökum eins og sjálfstæði og sjálfsmynd þjóðar og hvað það þýðir að vera þjóð.

Sýningin opnaði 17. júní og stóð í 17 vikur. Þetta var sumarsýning safnsins og var hún vel sótt með u.þ.b. 2500 gesti.

ALLT MÖGULEGT var heiti sýningar Sigurðar Atla Sigurðssonar, verkin á sýningunni voru unnin með UV-bleksprautuprenti og silkiþrykki í bland við olíumálningu og olíupastel. Þau standa á mörkum prentverks og málverks, raunveruleikans og hins ímyndaða.

Sýningin opnaði 28. október og stóð í 12 vikur.

Sýningar á göngum:

1. Samansafn
2. Með linsu gestsins
3. Stofninn að Listasafni Ísafjarðar
4. Marga fjöruna sopið
5. Vilberg Vilbergsson



BIRTING, safneignarsýning, fyrsta sýning ársins 2024.



Haminn neisti - Sýning Ragnhildar Láru Weissshappel, mars - júní 2024.



Framtíðarfortíð, samstarfssýning Listasafns Íslands og Listasafns Ísafjarðar 2024.



Yfirlitsmynd af sýningu
Sigurðar Atla Sigurðssonar,
Allt mögulegt.



Frá opnun sýningar Ólafar Dómhildar
Jóhannsdóttur, *Marga fjöruna sópið*.



Á göngum Safnahússins voru settar upp fimm sýningar árið 2024:

SAMANSAFN. sýning á verkum barna og unglinga sem unnin voru í listasmiðjum safnsins í tengslum við sýninguna *Dregin lína* sem opnaði í desember 2023 og stóð út janúar 2024.

MEÐ LINSU GESTSINS. ljósmyndasýning eftir Hörð Sveinsson í tilefni af 20 ára afmæli Aldrei fór ég suður. Sýningin opnaði á miðvikudeginum í páska vikunni.


FRAMTÍÐARFORTÍÐ OG STOFNINN AÐ LISTASAFNI ÍSAFJARÐAR.

Því næst voru sett upp fyrstu verkin skráð í safneign Listasafns Ísafjarðar. Verkin voru til sýnis jafnt og sýningin Framtíðarfortíð í sal Listasafnsins.

1. Kristján H. Magnússon (1903 - 1937), *Úr Skutulsfirði*, 1929, olíumálverk
2. Þórarinn B. Þorláksson (1867 - 1924), *Sjávarhamrar*, 1894, olíumálverk

Á efri stigaganginum var inngangurinn að sýningunni *Framtíðarfortíð* og ljósmynd úr ljósmyndasafni Ísafjarðar frá afhúpun útlistaverksins *Minnisvarði ísfirskra sjómanna* eftir Ragnar Kjartansson á Eyrartúni.

MARGA FJÖRUNA SOPIÐ. Því næst opnaði sýning Ólafar Dómhildar Jóhannsdóttur, samhliða sýningunni *Allt Mögulegt* í listasalnum, á nýlegum ljósmyndaverkum, skúlptúr og vídeoverkum. Ólöf Dómhildur er búsett á Ísafirði og hefur unnið mikið með ljósmyndina sem miðil og í verkum sínum skoðar hún staðalímyndir og kynjaðar samfélagshugmyndir.



Verk í safneign, *Úr Skutulsfirði*,
eftir Kristján Helga Magnússon.



VILBERG VILBERGSSON. Að lokum voru settar upp tvær teikningar eftir Vilberg Vilbergsson, sem lést 6. nóvember 2024. Teikningarnar sýna Austurveg og Hafnastræti á Ísafirði árin 1979 og 1980. Myndirnar, sem voru keyptar af sýningu hans á bókasafninu árið 1980, bera vitni um hversu fjölbær listamaður hann var.

SAFNEIGN

Árið 2024 hóf starfsmaður að skrásetja upp á nýtt safnkost Listasafns Ísafjarðar eftir ástandsskoðun safnkostsins sem fór fram árið 2023.

Safnið býr yfir ágætum safnkosti sem telur yfir 200 verk og prýðir hluti þeirra húsakynni opinberra stofnana víða í bænum en annað er í geymslu.


Eins og kom fram í árskýrslunni árið 2023 leiddi ástandsskoðun í ljós að því miður er nokkuð um skemmdir á verkum safnsins. Má þar fyrst og fremst kenna um langvarandi skorti á viðunandi geymsluaðstöðu.

Að sama skapi hefur umgengni við verk í láni ekki alltaf verið sem skyldi og vantað upp á að borin væri nægjanleg virðing fyrir þeim menningarverðmætum menn taka ábyrgð á meðan á láni stendur.

Stefnt er einnig að því að hefja viðgerðir á einstökum verkum á næsta ári, 2025. Viðgerðir eru óumflýjanlegar og ljóst að mikill kostnaður mun fylgja því verkefni. Hvernig staðið verður að fjármögnun er óljóst á þessari stundu en líklegast að leitað verði aðstoðar einstaklinga og fyrirtækja.



Guðfinna Hreiðarsdóttir og Rannveig Jónsdóttir sækja verkið „Ég veit nákvæmlega hvernig þér líður“ og senda það í viðgerð í Reykjavík.



Frá uppsetningu á sýningunni *Framtíðarfortíð*.

VERKEFNI TENGD SAFNEIGNINNI Á ÁRINU:

- Starfsmaður skráði safnkostinn upp á nýtt í Excel eftir ráðgjöf Nathalie Jacqueminet, varðveislustjóra Listasafns Íslands, sem hélt ítarlega kynningu fyrir starfsmann á skráningu og varðveisluháttum hjá Listasafni Íslands árið 2023. Sú fræðsla gagnaðist vel við endurskráningu safneignarinnar og að höfðu samráði við Nathalie var safneignin skráð upp á nýtt og skipt í þrjú söfn:

A SAFN – hér voru skráð þau verk sem uppfylla kröfur listasafna í dag. Verkin fengu ný skráningarnúmer í nýju kerfi.


B SAFN – Upprunaleg skráning safneignarinnar

MUNASAFN – hér voru skráð verk sem ekki eiga heima í A SAFNI. Stefnt er að því að safnkosturinn verður gerður aðgengilegur almenningi haustið 2025. Á nýrri heima síðu safnahússins er þó nú þegar búið að gera þann hluta safnkostsins sem er í útláni aðgengilegan undir flípanum „verk í útláni“.

- Lánuð voru ný verk inn í Stjórnsýsluhúsið og í Háskólasetur Vestfjarð og nokkur verk sótt og færð í geymslu.
- Verk Nínu Gautadóttur, fékk nýjan ramma með sýrufríu kartoni og gleri, fyrir sýninguna *Birting*.
- Verk Hallgríms Helgasonar hefur fengið upplýftingu og tók Listasafn Reykjavíkur og Háskólasetur Vestfjarða þátt í kostnaði. Listasafn Reykjavíkur fékk verkið að láni á yfirlitssýningu haustið 2024, en verkið hefur verið til sýnis í Háskólasetrinu í um það bil 20 ár.



Verk Hallgríms Helgasonar, *Ég veit nákvæmlega hvernig þér líður*, í eigu Listasafns Ísafjarðar.



- Hafin var vinna við að útbúa nýja lánssamninga til stofnana í Ísafjarðarbæ þar sem sérstakar kröfur eru settar á aðstæður og umgengni verka. Stefnt er að því að undirrita nýja lánssamninga vorið 2025.

STARFSADSTAÐA

Listasafn Ísafjarðar er með aðsetur í Safnahúsinu á Eyrartúni, Ísafirði. Skrifstofa safnsins er á efstu hæð hússins og sýningarsalur á annarri hæð. Safngeymsla er í Sindragötu 11 á Ísafirði.

Stór hluti safnkosts Listasafnsins er til sýnis í húsakynnum opinberra stofnana í bæjarfélaginu þar sem almenningi gefst kostur á að skoða þau, eftir því sem unnt er. Í flestum tilfellum hefur sú ráðstöfun gengið vel en gæta þarf þess að verk séu staðsett með þeim hætti að þau njóti sín og verði ekki fyrir skemmdum.

FRÆÐSLU- OG SAFNASTARF

Kynning á safninu og starfsemi þess fer fram með ýmsum hætti, en markmiðið er ávallt að skapa jákvæða ímynd safnsins út á við. Safninu berast reglulega fyrirspurnir um starfsemi þess og safnkostinn, og er lögð áhersla á að svara þeim á faglegan og jákvæðan hátt með fræðslu og ráðgjöf. Einnig er kappkostað að tryggja góða upplifun þeirra sem heimsækja sýningar á vegum safnsins.

Frá opnun samstarfssýningar Listasafns Íslands og Listasafns Ísafjarðar, *Framtíðarfortíð*.



Frá opnun *Allt mögulegt*, listamaðurinn Sigurður Atli útskýrir verk sitt fyrir gesti sýningarinnar.



Nemendur frá Menntaskólanum á Ísafirði skoða sýninguna, *Birting*.




Ingibjörg Jóhannsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands, leiðsegir þ.v. bæjarstjóra Örnu Láru og menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar um sýninguna *Framtíðarfortíð*.

- Árið 2024 var tekið reglulega á móti nemendum Lista- og nýsköpunardeildar Menntaskólans á Ísafirði (6 skipti) þar sem nemendur fengu leiðsögn um yfirstandandi sýningar. Þrír nemendahópar frá Menntaskólanum unnu verkefni út frá sýningunum *Birting* og *Haminn Neisti*.
- Tekið var á móti Forseta Alþýðusambands Íslands, framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum, sem fengu leiðsögn um safnið og yfirstandandi sýningu.
- Árið 2024 stóðu Listasafn Íslands og Listasafn Ísafjarðar fyrir þremur námskeiðum fyrir kennara sem haldið var í sýningarsal Listasafnsins á Ísafirði. Námskeiðin voru haldin í samhengi við námsefni Listasafns Íslands, *Sjónarafl – þjálfun í myndlæsi*. Sjónarafl miðar með markvissum hætti að því að tengja kennslu í myndlæsi og listasögu við skólakerfið og auka þekkingu nemenda á menningarsögu og menningararfi þjóðarinnar. Þjálfun í myndlæsi eykur einnig hæfni í tjáningu, virkri hlustun, hugtakaskilningi og gagnrýnni hugsun.

Öll námskeiðin voru fullsetin, og sóttu þau kennarar meðal annars frá Ísafirði, Bolungarvík, Þingeyri, Öfundarfirði, Flateyri og Súðavík. Þátttakendur fengu ítarlega kynningu á námsefninu og prófuðu sjálfir að beita myndlæsi með því að vinna með verk á sýningunni *Framtíðarfortíð*, þar sem valin verk úr safneign Listasafns Íslands eru til sýnis í Listasafni Ísafjarðar.

„*Almenn ánægja var meðal þátttakenda með námskeiðið sem þeir sögðu vera praktískt tveggja tíma námskeið. Að námskeiðinu*



loknu töldu kennararnir sig geta innleitt aðferðina í sínu kennslumhverfi með aðstoð bókarinnar“ – Ingibjörg Hannesdóttir, sérfræðingur hjá Listasafni Íslands.

- **Sumarleiðsagnir** - Yfir sumartímann voru reglulega í boði leiðsagnir um sýninguna Framtíðarfortíð fyrir gesti skemmtiferðaskipa. Gestir fengu kynningu á sögu hússins og yfirstandandi sýningu. Aðgangur var 1.500 kr. á mann, og var hámarksfjöldi í hverri leiðsögn 10 manns. Í lok heimsóknar var boðið upp á kaffi eða te. Leiðsagnirnar voru utan hefðbundins opnunartíma safnsins, sem gaf færi á að kynna starfsemi þess og sýninguna á faglegan og ítarlegan hátt. Alls voru haldnar 16 leiðsagnir með um 50 gesti.
- Listasafnið lánaði verk Hallgríms Helgasonar „Ég veit nákvæmlega hvernig þér líður“ á yfirlitssýningu listamannsins í Listasafni Reykjavíkur haustið 2024.

Kennarar á námskeiðinu
Sjónarafli - Þjálfun í myndlæsi.

Sjónarafli þjálfun í myndlæsi





Rannveig Jónsdóttir flytur erindi um starfsemi Listasafnsins í Vísindaporti Háskólaseturs Vestfjarða.



Nýr veggur var byggður fyrir sýningarsal safnsins.



Við upsetningu sýningarinnar *Haminn Neisti*.



Kennarar á námskeiðinu *Sjónarafl - þjálfun í myndlæsi*.

MIÐLUN

VÍSINDAPORT. Starfsmaður safnsins flutti erindið Safn í mótun – Listasafn Ísafjarðar í fortíð og framtíð í Vísindaporti Háskólaseturs Vestfjarða þann 8. mars 2024.

SÝNILEIKI. Áfram er lögð áhersla á að auka sýnileika safnsins. Listasafnið heldur úti virkum Facebook- og Instagram-síðum, þar sem efni frá safninu er miðlað og viðburðir auglýstir. Síður safnsins hafa nú tæplega 800 fylgjendur, sem er fjölgun um 200 á milli ára.

Vefsíða Safnahússins <https://www.safnis.is/> er einnig nýtt til að miðla efni frá safninu.


Fréttatilkynningar eru sendar á helstu fréttamiðla í tengslum við viðburði og sýningar. Gestum safnsins gefst kostur á að skrá sig á póstlista og fá fréttir af sýningum og öðrum viðburðum.

Umfjallanir og auglýsingar um sýningar safnsins hafa birst í nettimaritinu *Úr Vör*, á fréttamiðlinum bb.is, á heimasíðu Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM) og á samfélagsmiðlum og vefsíðu Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar (KÍM).

NÁMSKEIÐ OG KYNNISFERÐIR

NAEA NATIONAL CONVENTION – MINNEAPOLIS, BANDARÍKIN

Þann 3. apríl 2024 hélt starfsmaður safnsins til Minneapolis í Bandaríkjunum til að sækja 2024 NAEA National Convention, eina stærstu ráðstefnu listkennara í heiminum. Ferðin var farin á vegum



Menntaskólans á Ísafirði, en starfsmaður sótti fyrirlestra sem tengist safnfræðslu, það mun nýtast vel við mótun safnfræðslu Listasafns Ísafjarðar.

FARSKÓLI FÍSOS – AKUREYRI

Dagana 2.–4. október sótti starfsmaður Farskóla Félags íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) á Akureyri. Yfirskrift farskólans var *Hvert er erindið? Umbreyting í safnastarfi*, en dagskráin var fjölbreytt og innihélt fyrirlestra, pallborðsumræður, vinnustofur og faghópa, auk skoðunarferða og menningarviðburða.

FENEYJATVÍÆRINGURINN 2024

Í nóvember heimsótti starfsmaður Feneýjatvíæringinn 2024, sem er ein stærsta og virtasta alþjóðlega myndlistarsýning heims, helguð samtímalist. Þetta var í sextugasta skipti sem Tvíæringurinn var haldinn, og hann gegnir lykilhlutverki í að spegla strauma og stefnur í alþjóðlegri samtímalist.

Starfsmaður eyddi þremur dögum í að skoða sýningar Tvíæringins, sem eru settar upp á tveimur helstu sýningarsvæðum, Giardini og Arsenale. Hvor staður skiptist í tvo hluta:

Í öðrum hlutanum var alþjóðlega samsýningin Stranieri Ovunque – Foreigners Everywhere, sýningarstýrð af Adriano Pedrosa.

Í hinum hlutanum voru einkasýningar þátttökulanda, alls 88 talsins. Sérstaklega áhugavert var að sjá sýningu Hildigunnar Birgisdóttur, sem var fulltrúi Íslands árið 2024.

AÐRAR FERÐIR OG HEIMSÓKNIR

Auk þessara ferða heimsótti starfsmaður reglulega söfn og gallerí í Reykjavík og á Akureyri til að fylgjast með nýjum straumum og stefnum í íslenskri myndlist.





Farskóli Físos á Akureyri 2024.



Frá opnun sýningarinnar *Allt mögulegt*.

ÝMIS VERKEFNI

FAGLEGT SAFNASTARF


Haldið var áfram að undirbúa það ferli að safnið fái viðurkenningu hjá Safnasjóði. Með slíkri viðurkenningu gefst safninu kostur á að sækja um fleiri styrki, t.d. rekstrarstyrki hjá Safnasjóði.

Ýmis skilyrði þarf að uppfylla til að öðlast viðurkenningu, s.s. að útbúa safnastefnu, söfnunarstefnu og rekstraráætlun safnsins til fimm ára. Skrásetja þarf safneign samkvæmt reglum Safnaráðs og tryggja að safngeymsla uppfylli ákveðnar kröfur. Að auki þarf að sýna fram á örugg fjárframlög til næstu fimm ára og tryggja grunnrekstur. Starfsmaður er langt komin með:

- Safnastefnu Listasafns Ísafjarðar
- Sýningarstefnu Listasafns Ísafjarðar
- Söfnunarstefnu og grisjunarstefnu Listasafns Ísafjarðar
- Rekstraráætlun Listasafns Ísafjarðar
- Gjafabréf vegna afhendinga
- Lánssamninga verka til útláns og til láns á sýningar í salnum

HÖFUNDARRÉTTUR

Samningur við Myndstef var undirritaður í apríl 2024. Með samningnum fékk safnið leyfi til að birta myndir af verkum úr safneign á rafrænu formi. Talið var sanngjarnt að safnið yrði sett í 5.



Sýning Ragnhildar Láru Weissappel
Haminn Neisti.

gjaldflokk, þar sem safneignin er ekki mikil.

Hafin var vinna við að útbúa söluvarning Listasafns Ísafjarðar.

ÞÓKNUN LISTAMANNA

Í dag er lykilatriði að listamenn fái greidda þóknun samkvæmt viðmiðunartöxtum til að hægt sé að halda úti faglegri sýningardagskrá. Allir listamenn sem sýndu hjá safninu á árinu 2024 fengu greidda þóknun og laun fyrir uppsetningu á eigin sýningu. Þetta er mikilvægt og gott skref fyrir framtíð safnsins sem faglegs vettvangs á sviði myndlistar.

ENDURBÆTUR Á SÝNINGARSAL

Bætt var við lýsingu í sýningarsalnum og sett upp myndavélakerfi. Til að tryggja varðveislu viðkvæmra verka, svo sem ljósmynda, voru settar upp sérstakar UV-gardínur í gluggana til að uppfylla öryggiskröfur Listasafns Íslands fyrir sýninguna Framtíðarfortíð. Að auki var byggður stór sýningarveggur í mitt sýningarrýmið til að bæta við veggplássi.

FYRIRSPURNIR

- Ein fyrirspurn barst vegna forvörslu málverka.
- Þrjár fyrirspurnir bárust sem sneru að upplýsingum um listaverk.
- Fyrirspurn barst um verk Kristjáns Helga Magnússonar og upplýsingar um hann vegna útgáfu bókar sem kemur út 2025.
- Safninu bárust 11 sýningarfyrirspurnir á árinu.
- Ein fyrirspurn barst vegna stöðu kvenna í íslenskri myndlist á tímabilinu 1970–1995.



Gjöf: Verkið Epli eftir Ragnhildi Láru Weissappel.



Frá opnun sýningarinnar, *Framtíðarfortíð*
á 17. júní 2024.




- Fyrirspurn barst um gerð stefnumótunar fyrir vegglistaverk á Ísafirði.
- Fyrirspurn barst frá Hagstofunni um starfsemi safna.

SAMSTARFSVERKEFNI

- **MAÐUR GERIR EKKI RASSGAT EINN** — Maður gerir ekki rassgat einn – Samstarfssýning Ísafjarðarbæjar, Listasafns Ísafjarðar og Ljósmyndasafnsins Ísafirði í tilefni 20 ára afmælis hátíðarinnar Aldrei fór ég suður. Þema sýningarinnar var vinna sjálfboðaliða sem starfa á bak við tjöldin og eiga stóran þátt í velgengni hátíðarinnar. Sýningin opnaði kl. 15 á föstudaginn langa 2024 og staðsett á steiptum grunni við Byggðasafn Vestfjarða.
- **KOMD'INN** - Haldið var áfram samtali við Þórhildi Tinnu Sigurðardóttur og Helenu Aðalsteinsdóttur um kynningu á verkefninu Komd'inn. Komd'inn byrjaði sem viðburðadagskrá í Gerðarsafni með það markmið að bjóða nýjar raddir velkomnar inn á safnið og móta viðburðadagskrá sem höfðar til fjölbreyttra hópa á þeirra eigin forsendum. Þetta verkefni er til fyrirmyndar og eitthvað sem við hjá Listasafni Ísafjarðar höfum áhuga á að innleiða hjá okkur. Því miður hefur ekki tekist að fjármagna þetta verkefni.
- **FRAMTÍÐARFORTÍÐ** - Reglulega var fundað með Ingibjörgu Jóhannsdóttur, safnstjóra, og Vigdísu Rún, verkefnastjóra sýninga hjá Listasafni Íslands, vegna samstarfssýningarinnar Framtíðarfortíð, sem opnaði formlega 17. júní 2024.



Sýningin, *Með linsu gestsins*, í tilefni af
20 ára afmæli Aldrei fór ég suður 2024.



Frá opnun sýningarinnar, *Maður gerir ekki rassgat einn*, í tilefni af 20 ára afmæli Aldrei fór ég suður 2024.

- **KRISTÍN ÞORVALDSDÓTTIR** - Seinni hluta árs 2024 hófust viðræður við ættingja listakonunnar Kristínar Þorvaldsdóttur (1870–1944) um sýningu á verkum hennar í byrjun ársins 2025. Í lok árs var búið að staðfesta lán á verkum og stefnt að opnun sýningar í lok janúar 2025. Um er að ræða samstarfsverkefni Listasafns Ísafjarðar, Skjalasafnsins og Ljósmyndasafnsins á Ísafirði.


AÐFÖNG OG GJAFIR

KRISTJÁN MAGNÚSSON - Í byrjun árs var safninu afhent verk eftir Kristján Magnússon úr dánarbúi Elísabetar Guðnýjar Kristjánsdóttur. Hulda Bryndís Sverrisdóttir afhenti verkið.


RAGNHILDUR LÁRA WEISSHAPPEL - Safninu var afhent verkið Epli eftir samtímalistakonuna Ragnhildi Láru Weissappel. Um er að ræða lítinn gipsskúlpúr frá árinu 2020. Ragnhildur Lára hélt einkasýningu í sal Listasafnsins í mars 2024.

SIGURÐUR ATLI SIGURÐSSON færði safninu að gjöf verk af haustsýningu safnsins og einkasýningu sinni *Allt mögulegt*. Verkið er skráð sem númer 7 á sýningunni, en alls voru níu málverk til sýnis. Verkin á sýningunni voru unnin með UV-bleksprautuprenti og silkiprykki í bland við olíumálningu og olíupastel. Þau standa á mörkum prentverks og málverks, raunveruleikans og hins ímyndaða. Einnig færði Sigurður Atli safninu lítið bókverkasafn (13 bækur/bæklinga) sem útgáfan Prent og Vinir, stofnuð af Sigurði Atla og Leifi Ými, hefur gefið út í gegnum tíðina.


TEIKNINGAR - Sigurður Jarlsson afhenti þrjár teikningar, portrett af Guðrúnu Þorbjörgu Bjarnadóttur eftir Alfreð Flóka (1938–1987), teikning af hesti Guðrúnar eftir Birnu E. Nordahl (1919–2004) og erlend teikning af Kristínu M. Bjarnadóttur.



Gjöf: Verkið af sýningunni *Allt Mögulegt* eftir Sigurði Atla Sigurðsson.



HAMINN NEISTI,
sýning Ragnhildar Láru Weissapper
stóð frá 29. mars til 1. júní 2024.



STYRKUR MYNDLISTARSJÓÐS

1.000.000 kr. – Listasafnið hlaut veglegan styrk úr haustúthlutun Myndlistarsjóðs 2024 til undirbúnings fjögurra sýninga árið 2025. Verða settar upp fjórar sýningar í sýningarsal Safnahússins sem fagnar 100 ára afmæli árið 2025 og verður boðið upp á metnaðarfullar sýningar af því tilefni.

Sýningarárið hefst með sögusýningu Kristínar Þorvaldsdóttur (1870–1944). Kristín ólst upp á Ísafirði en stundaði listnám erlendis. Varðveist hafa málverk sem hún málaði af heimhögum á Ísafirði.

Önnur sýning safnsins verður samsýning tveggja ungra listamanna sem eiga báðar rætur að rekja til Ísafjarðar, Mirjam Makaelle og Katla Rúnarsdóttir. Opnun sýningar verður á föstudaginn langa.

Þriðja sýningin verður einkasýning Elínar Hansdóttur á verkinu BOOK SPACE, sem verður 20 ára á næsta ári. Um er að ræða verk sem samanstendur af um það bil 2000 auðum/hvítum bókum sem hafa verið til útláns í opinberum bókasöfnum víðsvegar um Evrópu. Elín hennar innsetningu sérstaklega fyrir sýningarsalinn þar sem bókahillur með heilu „auðu“/hvítu bókasafni verða til staðar, og gestum gefst kostur á að bæta inn í safnið á staðnum. Opnun sýningar er fyrirhuguð 17. júní 2024 og mun sýningin standa í þrjá mánuði.

Sýningardagskrá 2025 lýkur með haustsýningu safnsins, einkasýning á nýju verki listamannsins Gunnars Jónssonar sem býr og starfar á Ísafirði. Opnun verður á menningarhátíðinni Vetturnóttum á Ísafirði í október 2025.

Gjöf: Verk eftir Kristján Helga Magnússon. Hulda Bryndís Sverrisdóttir afhenti Listasafni Ísafjarðar verkið sumarið 2024 og tók Guðfinna M. Hreiðarsdóttir við gjöfinni fyrir hönd safnsins.



Haustúthlutun úr myndlistarsjóði fór fram fimmtudaginn 26. september 2024 við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík að viðstöddum fjölda listamanna og annarra aðstandenda.



SAFNAHÚSIÐ ÍSAFIRÐI

LISTASAFN ÍSAFJARÐAR

Mars 2025